



Til: ust@ust.is
Afrit: "Bjarni Pálsson" <bjarni@umhverfisstofnun.is>, "Steinar Rafn Beck Baldursson" <sbeck@Umhverfisstofnun.is>
Efni: Fw: Umsagnar óskað vegna umsóknar um að fanga villta fugla til notkunar við kvikmyndagerð
Upplýsingar: Sent: 18/08/2015 13:29:26 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2015080014, Bréfalyklar: 42-5 um veiði friðaðra fuglategunda

Tilvísun í mál: 2015080014
Tilvísun í mál: 2015080014

Vísað er til meðfylgjandi bréfs dags. 17. ágúst sl. Málið hefur þegar verið afgreitt, sjá meðfylgjandi tölvupóst sem ég sendi aftur til öryggis.

kv. Trausti

Sæll Bjarni, hér er umsögn Náttúrufræðistofnunar um meðfylgjandi mál.

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 14. ágúst sl., til Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem óskað er eftir umsögn um umsókn Join Motion Pictures til að fanga fugla þ.e. silfurmaf, sílamáf og fýl til að nota við kvikmyndatökur og sleppa þeim síðan.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að veitt verði heimild til að veiða silfurmaf og sílamáf enda heimilt að veiða þessar tegundir allt árið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að heimilt verði að veiða fýl/a til að nota í kvikmyndagerð en bendir hins vegar á að veiðitímabil fýls er á tímabilinu 1. september til 31. mars og ef veiða/fanga á fýl utan þess tímabils þarf undanþágu til þess sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994 og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 55/2013, sjá meðfylglandi.

Afstaða Náttúrufræðistofnunar byggir á því að stofnar framangreindra tegunda eru ekki taldir í neinni hættu og að gert er ráð fyrir að farið verði að ákvæðum um velferð dýra í haldi sbr. m.a. lýsingu í meðfylgjandi umsókn.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Meðf:

5. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994 en þar sem segir: [Ráðherra]⁴⁾ getur að fenginni umsögn [Náttúrufræðistofnunar Íslands]²⁾ veitt undanþágu til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.

26. og 27. gr. laga nr. 55/2013.

VII. kafli. Villt dýr.

■ **26. gr. Föngun villtra dýra.**

Óheimilt er að halda villt dýr. Umhverfisstofnun getur veitt leyfi til föngunar villtra dýra til nota við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða, til ræktunar og undaneldis eða annarra sambærilegra nota. Umhverfisstofnun skal afla umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Matvælastofnunar varðandi föngun á villtum dýrum áður en leyfi til þess er veitt.

Við föngun villtra dýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda limlestingum eða kvölum.

Ráðherra setur í reglugerð skilyrði fyrir veitingu leyfis og kveður á um aðferðir við föngun

og meðferð villtra dýra við flutning og vörslu. Jafnframt er ráðherra heimilt að kveða á um bann við föngun og vörslu tiltekinnna tegunda villtra dýra með tilliti til sjónarmiða um velferð dýra.

■ **27. gr. Veiðar.**

Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma. Skylt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr sem þeir hafa valdið áverkum.

Við veiðar er óheimilt að beita aðferðum sem valda dýri óþarfa limlestingum eða kvölum.

Við veiðar á villtum dýrum skal að auki fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Ráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við ráðherra er fer með stjórn veiða, vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra, nánari ákvæði um aðferðir við veiðar.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Umsagnar óskað vegna umsóknar um að fanga villta fugla til notkunar við kvikmyndagerð

Málsnúmer: 2015080014

Númer skjals:

Skráð: 18. ágúst 2015

Eigandi skjals: María Fanndal Birkisdóttir

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki:

Nafn:

Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Viðhengi:



- Umsagnar óskað vegna umsóknar um að fanga villta fugla til notkunar við kvikmyndagerð.tif